

Nd.

116. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Hornafirði.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr rikissjóði helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 65000,00 — sextíu og fimm þúsund krónur — gegn helmingi úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og siglingaleiðinni.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 65000,00 — sextíu og fimm þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er hundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er stunga, grjót eða mól og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, er hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum háðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.

5. gr.

Bryggjur og önnur mannvirki við höfnina má ekki gera nema í samráði við hafnarnefnd og með samþykki hreppsnefndar Nesjahrepps. Hver sá, er gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigenda.

6. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmensjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Nesjahrepps, en 2 af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, gengur 1 úr árlega fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmanna skulu eiga heima í Hafnarkauptúni eða nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að innheimta þau gjöld, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv.
5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Hornafjarðarhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestargjald,
 - b. Vitagjald,
 - c. Vörugjald.

- Undanskildar skulu þó þær vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
- d. Bryggjugjald af skipum og bátum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 - f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kaupúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Nesjahrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveðið, hver skuli greiða þau og innheimta. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölul. 2. a, b og c.

11. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar, og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og hreppsreikningur.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina,

góðri reglu eða öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—500 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á breppsnefndarfundi, sem haldinn var í hreppsnefnd Nesjahrepps í síðastl. septembermánuði, tók hreppsnefndin til umræðu hafnarbætur á Hornafirði. Samþykkti hreppsnefndin að fela oddvita að skrifa Alþingi og sækja um styrk til dýpkunar bátaleiðarinnar nú þegar fyrir næstu vetrarvertíð. Bréf oddvita hefir verið sent Alþingi — dagbókarfskj. nr. 46.

Jafnframt ákvað breppsnefndin að fela alþingismanni kjördæmisins að flytja á næsta þingi frumvarp til laga um hafnargerð á Hornafirði. Hefir hreppsnefndaroddivitinn sent mér svo hljóðandi símskeyti, dags. 11. þ. m.: „Hreppsnefnd Nesjahrepps felur yður að flytja frumvarp til laga um hafnarbætur á Hornafirði, í líkingu við önnur hafnarlög“.

Það er alllangt síðan farið var að hugsa um hafnarbætur á Hornafirði. Var málið fyrst tekið til ýtarlegrar ihugunar árið 1917—1918 af N. P. Kirk verkfræðingi, og gaf hann skýrslu um málið. Vorið 1931 voru enn gerðar athuganir af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi. Niðurstaðan af þeim athugunum voru tillögur, sem vitamálskrifstofan sendi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 26. nóv. 1931. Till. þessar miðuðu að því að gera garða í og milli eyja, beggja megin við innsiglinguna, til þess að þrengja fyrir útrennsli vatnsins og þar með dýpka. Þessir garðar var áætlað að mundu kosta samtals ca. 116000 kr. Enn á ný hefir vitamálastjórnin tekið málið til athugunar, og leggur nú til, að dýpkuð verði innsiglingin með einhverskonar dýpkunartækjum, áætlað að það kosti um 20 þús. kr., og að gerður verði garður, sem á að halda dýpinu við, sem áætlað er að kosti 105 þús. krónur.

Allir, sem til þekkja, eru sammála um, að hafnarbætur þurfi á Hornafirði, og það er mjög aðkallandi vegna útgerðarinnar, að nú þegar fyrir næstu vertíð verði dýpkuð bátaleiðin, svo stærri vélbátar komist hindrunarlaust inn að bryggjum verstöðvarinnar í Höfn. Á vetrarvertíðinni er frá Hornafirði haldið út bátum viðsvegar af Austfjörðum. Frá Hornafirði stunda nú um 25 bátar, og mundu verða talsvert fleiri, ef aðstaðan væri bætt. Bæði er nú það, að bátaleiðin hefir á seinni árum grynkað, og svo eru Austfjarðabátarnir alltaf að stækka, sem hefir það í för með sér, að meginhlutanum af bátafлотanum er meinað að nota aðstöðuna, þar sem hún er að öðru leyti bezt — í verstöðinni í Höfn. — Er þetta óbætanlegt tjón fyrir útgerðina á Austurlandi. Fiskimiðin út af Hornafirði og í bugtunum sitt til hvorrar handar eru þær gullkistur, sem allur Austfjarðabáta-

flotinn á að geta ausið úr á vetrarvertíðinni, en til þess þarf að bæta aðstöðuna á Hornafirði. Dýpkun bátaleiðarinnar á Hornafirði er því ekki hagsmunamál Austur-Skaftfellinga eingöngu, heldur allra Austfjarða. Munu líka Austfirðingar, sem til þekkja, yfirleitt líta svo á. Hefir fiskifulltrúinn af Austurlandi, Friðrik Steinson, flutt þetta mál á yfirstandandi fiskiþingi, sem hagsmunamál fyrir alla útgerðina á Austurlandi. Þar sem nú þessar fyrirhuguðu hafnarbætur eru svona víðtækt hagsmunamál útgerðarinnar á Austurlandi yfirleitt, virðist vera sanngjarnnt, að tillagið úr ríkissjóði sé dálítið hærra en venja er að ákveða í hafnarlögum, eða helmingur kostnaðar, eins og ákveðið er í lögum um lendingabætur á Eyrarbakka og í Þorlákshöfn.

Kostnaður við þessar fyrirhuguðu hafnarbætur á Hornafirði er minni en á nokkurri annari höfn á landinu, en hinsvegar gagníð mjög mikið, ef vel tekst. Eins og áður er sagt, er það, sem hér þarf að gera, dýpkun. Höfnin á Hornafirði er að öðru leyti góð og sjálfgerð, þegar inn fyrir Hornafjarðarós er komið. Eins og fyrr er greint, hefir fiskiþingið, er nú situr, tekið þetta mál til athugunar, og til sönnunar því, að lítið sé svo á, að hér sé um víðtækt hagsmunamál að ræða fyrir Austfirði alla, vil ég að endingu leyfa mér að vitna í álit allsherjarnefndar fiskiþingsins, sem er svo hljóðandi:

„Eins og kunnugt er, er talsverð útgerð frá Hornafirði yfir vetrar- og vormánuði. Sækja þangað bátar frá Austfjörðum til veiða og dvelja þar yfir nefnt tímabil.

Hafa þannig gengið þaðan 23—25 bátar undanfarna vetur. Nú hagar svo til þar, sem aðalbryggjur og sjóbúðir standa, að þar er svo grunnt vatn, að einungis smæstu bátar geta notað aðstöðuna, og fljóta þó ekki þar um fjöru. Telja Hornfirðingar, að þarna grynni með hverju ári, og horfi til vandræða, ef ekkert er aðgert til að sporna við því. Þá ber á það að líta, að bátar þeir, er nú stunda veiðar frá Hornafirði, eru stærri bátar en þegar stöðin var reist. Þá er og á það að líta, að um talsverða bátaaukningu verður að ræða á Austfjörðum á þessu og næsta ári, og munu margir þeirra verða á Hornafirði yfir vetrarvertíðina, ef ástæður leyfa. Þetta verður þó því aðeins hægt, að unnt verði nú þegar að dýpka svonefnt Heppuræsi, sem liggur að aðalstöðinni.

Rannsóknir benda til, að framkvæma megi dýpkun þarna án mikils kostnaðar, en þörfin er mjög aðkallandi, að úr sé bætt fyrir næstu vertíð. Fyrir því leggur nefndin til:

„Fiskiþingið mælir eindregið með því við Alþingi og ríkisstjórn, að Hornfirðingum verði veitt aðstoð þegar á þessu hausti til að láta framkvæma dýpkun á Heppuræsi í Hornafirði.“

Fiskiþingið, 13. okt. 1934.

Ól. B. Björnsson,
form.

Niels Ingvarsson,
ritari.

Þorst. Þorsteinsson.“

Að öðru leyti mun ég rökstyðja þetta nánar í framsögu.